

Fundargerð

7. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSí Laugardal miðvikudaginn 19. september 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Gunnar Svavarsson, Þórunn Erlingsdóttir (talar í síma frá Grindavík) og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engar rafrænar afgreiðslur milli funda.

2. Verkefnastjóri - Kynning

Íris Berg verkefnastjóri boðin velkomin og sagði hún frá sjálfri sér, en hún byrjaði störf í upphafi mánaðar. Ræddi um undirbúningsatriði NM í Víðavangshlaupum haldið í Reykjavík 10.11.2018. Stjórn þakkar kynninguna og horfir til góðs jákvæðs samstarfs.

3. Starfshópur um þjóðarleikvang í Laugardal

Ritari gerði grein fyrir stöðu málsins og samskiptum við mennta- og menningarmálaráðherra. Niðurstöðu um að FRÍ skipi starfshópin og bjóði ráðuneytinu og Reykjavíkurborg áheyrn. Staðfest skipan Gunnars, Bjargar og Freys í hópin af hálfu FRÍ. Formanni falið að senda bréf til hlutaðeigandi um tilnefningar borgar og ríkis. Gert ráð fyrir að samstarfi við mannvirkjanefnd og tengilið stjórnar við mannvirkjanefnd FRÍ.

4. Frjálsíþróttastaða í Kópavogi.

Rætt um hugsanlegar breytingar á aðstöðu frjálsíþróttafólks í Kópavogi. Stjórn FRÍ felur formanni að ræða betur við Breiðablik um stöðu mála áður en stjórn FRÍ ályktar um málið. Tekið upp á næsta fundi. Stjórn FRÍ lýsir yfir áhyggjum sínum með að aðstaða frjálsíþróttafólks skerðist.

5. Uppskeruhátíð

Varaformaður og Aðalbjörg gerðu grein fyrir hugmyndum sem sendar höfðu verið á stjórn. Hátíðin verður laugard. 13.10 kl. 17.00 – 18.30. Sett í farveg með starfsmönnum.

6. Lög og reglur

Laganefndin hefur skilað af sér eftir mikla yfirlegu og yfirferð sbr. þinghald vorsins. Stjórn samþykkir til birtingar og þakkar laganefndinni fyrir góð og viðamikil störf. Rætt um starfsreglur stjórnar varðandi reglugerðarbreytingar. Ritara falið að leggja fram drög.

7. Reglugerð um dómaramál

Rætt um málið á breiðum grunni. Vísað til næsta fundar.

8. Önnur mál

- Styrkbeiðni vegna ólympíuleika æskunnar. Vísað til gjaldkera og framkvæmdastjóra.
- Gagnagrunnur sjálfböðastarfs. Rætt og ákveðið að þróa hugmyndina áfram.
- Dómaramál. Rætt um stöðu á fjölda dómara og mikilvægi námskeiðahalds.
- Rætt um fræðsluheimsókn erlends þjálfara. Samþykkt að fela varaformanni útfærslu.
- Fjármál. Gjaldkeri gerir grein fyrir stöðu fjármála.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með Zumbaæfingu, kl.18:05.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.